

**Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar**  
**3. fundur 2020 (96. fundur)**  
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 08.06.2020 kl. 08:15 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Kristinn Halldórsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Steinþór Einarsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Jón B. Guðnason	Landhelgisgæslan

Páll S. Pálsson frá Isavia mætti á fundinn og kynnti öll 3 erindi Isavia.

**1. Breyting á deiliskipulagi (byggingarreit) vegna stækkunar á Flugstöð Leifs Eiríkssonar**

Lagt var fram erindi Isavia, dags. 03.06.2020, þar sem kynntar eru hugmyndir um 1.500 m<sup>2</sup> bráðabirgðabyggingu á staði 6 við suðurbyggingu Flugstöðvarinnar. Gert er ráð fyrir að byggingin muni fara um 10 m út fyrir núverandi byggingarreit samkvæmt gildandi skipulagi. Ekki er um að ræða aukið byggingarmagn m.v. skipulag.

Er spurst fyrir um skipulagslega málsmeðferð. Skipulagsnefndin telur að um sé að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi þar sem engir aðrir en Isavia hafi hagsmuna að gæta. Á næsta fundi nefndarinnar væri hægt að leggja fram endanlega uppdrætti og afgreiða málið. Skipulagsfulltrúa var falið að vinna að málinu með fulltrúum Isavia.

**2. Vegtenging milli Aðalgötu í Reykjanesbæ og flugstöðvarsvæðis**

Lagt var fram erindi Isavia, dags. 03.06.2020, þar sem kynnt var hugmynd að þjónustuvegi frá hringtorgi á Reykjanesbraut við Aðalgötu að verktakavegi á flugstöðvarsvæði. Markmiðið með veginum er að aðgreina umferðarstrauma og þá helst þungaflutninga af Reykjanesbraut að flugstöðvarsvæðinu. Vegurinn myndi einnig í framtíðinni, að framkvæmdum loknum, þjóna sem aðkoma starfsmanna Flugstöðvarinnar að svæðinu. Vegurinn er hvorki á deiliskipulagi né aðalskipulagi

Isavia spyrst fyrir hvort unnt sé að meta framkvæmdina sem óverulega breytingu á skipulagi og fram fari grenndarkynning til þeirra sem hagsmuna hafi að gæta að mati skipulagsnefndarinnar. Skipulagsnefndin telur hins vegar að um sé að ræða verulega breytingu á aðal- og deiliskipulagi sem auglýsa þurfi á viðeigandi hátt samkvæmt skipulagslögum.

Erindi þessu fylgdi einnig fyrirspurn um staðsetningu millilagers fyrir efni sem fellur til á framkvæmdatíma sem og stað þar sem klöpp yrði brotin niður í nýtanlegt efni. Að

mati skipulagsnefndarinnar er hér um að ræða sérstakt erindi sem undirbúa þarf í samráði við Reykjanesbæ vegna líklegrar hávaðamengunar frá brotinu og hugsanlegrar rykmengunar frá efnislagernum

**3. Möguleikar á veltengingu frá FLE að Reykjanesbraut austan við langtímabílastæði – hringtenging**

Lagt var fram erindi Isavia, dags. 03.06.2020, þar sem kynnt var hugmynd að tengingu núverandi umferðarkerfis í forgarði Flugstöðvarinnar við núverandi vegstæði Reykjanesbrautar og mynda þannig hringakstur með einstefnu. Tengingin yrði hluti vegakerfis samkvæmt gildandi deiliskipulagi.

Ekki er óskað eftir formlegum viðbrögðum skipulagsnefndarinnar að svo komnu máli, en boðað er að formlegt erindi berist síðar að undangenginni umferðargreiningu og að höfðu samráði við Vegagerðina.

**4. Næsti fundur**

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 13. júlí 2020 kl. 08:15 í FLE.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

[https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/\\_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx](https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx)